

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 25.02.2023

### **Varðar: Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um tónlist**

STEF vill fyrst og fremst fagna því stóra skrefi sem er stigið með þessu frumvarpi til laga með því að tryggja stofnun tónlistarmiðstöðvar og að efla sjóðakerfi tónlistargeirans.

Það að stofnun tónlistarmiðstöðvar sé tryggð með lögum og að búinn sé til formlegur rammi utan um starfsemi hennar er afskaplega mikilvægt fyrir þróun og framgang íslenskrar tónlistar, innanlands sem utan. Það sama má segja um þá endurskipulagningu Tónlistarsjóðs sem á sér stað með frumvarpi þessu. STEF ber miklar vonir til þess að þetta tvennt verði til þess að efla menningu og tónlistarlíf í landinu.

Í 3. gr er fjallað um hlutverk tónlistarmiðstöðvar og kemur þar skýrt fram hvert hlutverk hennar er varðandi útflutning tónlistar en hins vegar vantar aðeins upp á að skýra hlutverk hennar varðandi ráðgjöf og aðstoð við innlent tónlistarlíf, en ætlunin er að ein af deildum tónlistarmiðstöðvar verði helguð slíkri aðstoð. Frá fyrri útgáfum frumvarpsins er þó búið að skýra betur hlutverk miðstöðvarinnar þegar kemur að rekstri nótnaveitu sem er mjög til bóta.

Í 4. gr. er kveðið á um stjórn tónlistarmiðstöðvar og er gert ráð fyrir að sjö fulltrúar verði skipaðir í stjórnina. Í fyrri útgáfu frumvarpsins var gert ráð fyrir að í stjórn sætu fimm fulltrúar. Þeir tveir fulltrúar sem bætast við eru annars vegar fulltrúi tilnefndur af ráðuneyti svo og fulltrúi frá Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Telur STEF að þessi viðbót sé ekki til þess fallin að bæta stjórnsýslu tónlistarmiðstöðvar enda falla málefni hennar ekki undir tónlistarkennslu sem auk þess heyrir undir annað ráðuneyti.

Í 7. gr. er fjallað um tónlistarsjóð og endurskipulagningu hans. Í ljósi þess að það verður eitt helsta hlutverk tónlistarmiðstöðvarinnar að annast umsýslu með tónlistarsjóð telur STEF eðlilegra að það verði miðstöðin sjálf sem ákveði stefnu og áherslur í starfi sjóðsins og setji reglur um meðferð umsókna svo og annist úthlutun í stað þess að það sé ráðherra. Með slíku væri einnig komið í veg fyrir hugsanleg afskipti pólitískt skipaðra ráðherra af styrkveitingum og gegnsæi og traust á skipan mála sjóðsins yrði meira en ella.

STEF vill einnig benda á að farið hefði vel á því að kveða aðeins skýrar um hlutverk tónlistarráðs, hversu margir eigi að sitja í því og hversu oft það á að funda til að það nái örugglega að sinna því starfi sem því er ætlað samkvæmt frumvarpinu. STEF telur það góða viðbót við frumvarpið sem kom inn á síðari stigum um að samsetning ráðsins ráðist af lista sem ráðuneytið heldur utan um og uppfærir eftir þörfum.

Þá vill STEF einnig benda á það sem samtökin hafa áður bent á varðandi löggjöf um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en það er að STEF telur nauðsynlegt að kveða sterkar að orði varðandi það að hljómsveitinni beri að leggja sérstaka áherslu á kynningu og útbreiðslu á íslenskri tónlist hér á landi og erlendis.

Virðingarfyllt  
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri